

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18 gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 7.400 skal lagt á hvert sorphilát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 43/1984.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 700/1995 fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflíð samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7.600 á árinu 1997.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.270 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6 550 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr 7. kafla tollskrár í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer:</i>					
0704.9003	Kínakál	20.01.-15.03.97	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. janúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.